



## 5. stjórnarfundur LH

15. mars 2019 kl. 15:00 Íþróttamiðstöðinni Laugardal

**Mættir:** Lárus Ástmar Hannesson formaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari, Ágúst Hafsteinsson, Eggert Classen og Stefán Logi Haraldsson úr aðalstjórn og Siguroddur Pétursson, Lilja Björk Reynisdóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn **Fjarverandi:** Þórdís Arnardóttir og Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn. Þrír af stjórnarmönnum voru með á fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

### 1. Formaður setti fund og skipaði Ólaf Þórisson sem fundarstjóra

### 2. Samþykktir fundargerða

Fundargerð 4. fundargerð samþykkt með áorðnum breytingum.

### 3. Bókanir, janúar og febrúar

Gjaldkeri fór yfir bókanir í janúar og febrúar. Stjórn hefði gjarnan viljað fá að sjá drög að ársreikningi.

### 4. Valnefnd

Kynning á störfum valnefndar og rætt um framtíðarverklag hennar. Stjórnarmenn munu fá öll gögn sem unnin voru af síðstu valnefnd ásamt þeim tillögum sem lagðar voru fyrir stjórn í síðasta ári um breytingar á verklagi valnefndar. Verður svo tekið aftur fyrir á næsta stjórnarfundum.

### 5. Starfshópur um gæðingafimi

Samkvæmt þingskjali nr. 7 sem samþykkt var var á Landsþingi LH á Akureyri ber stjórn að skipa starfshóp til að vinna að því að Ísland verði leiðandi í því að gera gæðingafimi að fullgildri keppnisgrein í lögum og reglum sambandsins.

Stjórn skipar hér með eftirfarandi aðila í starfshóp um gæðingafimi:

Hjörny Snorrardóttir framkvæmdastjóri LH formaður

Erlendur Árnason fulltrúi GDLH

Hekla Katarína Kristinsdóttir skipuð af stjórn LH

Hulda Gústafsdóttir fulltrúi keppnisnefndar LH

Ísólfur Líndal skipaður af stjórn LH

Mette Mannseth fulltrúi Hólaskóla

Sigurður Ævarsson fulltrúi HÍDÍ

Súsanna Sand Guðmundsdóttir fulltrúi FT



## 6. Náttúruverndarlög, umferð ríðandi manna

Halldór Halldórsson formaður ferða- samgöngu og öryggisnefnd LH kom á fund stjórnar og fór yfir tillögur nefndarinnar er varðar endurskoðun náttúruverndarlaga.

## 7. Skógarhólar

Eggert Classen tengiliður stjórnar við staðarhaldara lagði fyrir kostnaðargreinda tillögu að verkefnum á Skógarhólum til næstu tveggja ára. Samþykkt var að vinna eftir áætluninni og setja eina milljón í verkefnið.

## 8. FEIF þing 2020

Búið að gera verðkönnun á þremur hótélum á Suðurlandi sem verður svo borið undir FEIF til samþykktar.

## 9. Uppskeruhátíð

Formenn LH og FHB eru að kanna með verð og fyrirkomulag á Uppskeruhátíð miðað við að hún verði haldin 2.nóvember.

## 10. Dagur íslenska hestsins

Ræddar voru hugmyndir sem hægt væri að gera á þessum degi og kynna það fyrir hestamannafélögunum.

## 11. Starf stjórnar það sem eftir lifir árs

- a) 8. apríl kl. 15:00
- b) 10. maí kl. 15:00
- c) 12. júní (Skógarhólar)
- d) 23. ágúst kl. 15:00
- e) 27. september
- f) 11.-13. október (vinnuhelgi stjórnar)
- g) 1. nóvember (fomannafundur)
- h) 6. desember (Stykkishólmur)

### f) Önnur mál

#### a. Íþróttaping ÍSÍ, fulltrúar

LH á rétt á að senda 7 fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ 4. maí, ætlunin er að fullmanna þann fulltrúahóp.



**b. Málþing um afreksmál, mannvirki**

Framkvæmdastjóri sat málþing um afreksmál þars sem rætt var um hugmyndir um fjölnotaíþróttahús fyrir öll sérsambönd innan ÍSÍ og kynnti þær hugmyndir fyrir stjórnarmönnum.

**c. Bankahólf**

Framkvæmdastjóri fór í umboði stjórnar og lét opna bankahólf sem LH hefur greitt fyrir í fjölda ára en ekki var ljóst hvað væri þar. Í bankahólfinu var hlutabréf í Reiðhöllin hf. frá árinu 1987. Bankahólfinu var sagt upp í kjölfarið.

**d. Samningar við landsliðsþjálfara**

Rætt var um að það þurfi að semja við landsliðsþjálfara á nýjum forsendum, landsliðsnefnd falið að koma með drög að samningum við landsliðsþjálfara sem verður svo borið undir stjórn til samþykktar.

**e. Öryggismál**

Eggert Classen kynnti fyrir stjórn hugmynd af staur sem hann er búin að hanna sem gefur eftir þegar einhver fellur á hann eða keyrt eða hjólað er á hann og hægt er að nýta við reiðvegi. Einnig benti hann á kosti þess að halda úti rafrænum skráningum á slysum á heimasíðu LH til þess að fá betri yfirsýn yfir hvar slysin verða og hvar úrbóta er þörf.

**f. Staða í nefndum LH**

Stjórn kallar eftir að fá stöðu frá nefndum LH inn á næsta stjórnarfund.

*Engin önnur mál tekin fyrir, fundi slitið um 18:00*

*Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir*

*Reykjavík 25. mars 2019*